

150. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 28. maí 2020 kl. 17:00. Fundurinn er haldinn í ME.

Mættir voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén, Stefán Bogi Sveinsson og Lára Vilbergsdóttir í forföllum Sigrúnar Birnu.

Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Signý Eir Guðmundsdóttir f.h. nemenda.

Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Bergþóra Arnórsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir 148. og 149. fundar
2. Skólalok vorannar
3. Horfur í fjármálum
4. Starfsmannamál fyrir haust 2020
5. Rammar um verðlaunaveitingar vegna útskrifta í ME
6. Önnur mál

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:08. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 148. fundar og 149. fundar

Fundargerðir 148. og 149. fundar voru undirritaðar.

2. Skólalok vorannar

Skólameistari sagði frá skólalokum vorannar og útskrift í samkomubanni. Gerð var skoðanakönnun meðal útskriftarnema um hvort fresta ætti útskrift þar sem reglur um fjöldatakmarkanir voru að rýmkast en mikill meirihluti var fyrir að halda sig við áður skipulagðan dag 23. maí. Einn starfsdagur kennara var færður af vori og til hausts og verður dagurinn notaður til innleiðingar á Canvas kennslukerfinu. Innritun fyrir næsta skólaár stendur yfir og lýkur 10. júní. Bókasafn skólans hefur verið fært úr heimavistarhúsi á neðri hæð kennsluhúss og skoðaði skólanefnd nýju aðstöðuna að loknum fundi. Skólameistari kynnti stöðu í skólaþróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólanum á vormánuðum.

3. Horfur í fjármálum

Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðunni. Staðan er ágæt en það þrengist heldur, hlutfall fjarnema og dagskólanema hefur verið að breytast og nokkuð hefur verið um veikindi en lítið svigrúm er fyrir það í fjárhagsrammanum. Áætlað sértekjutap skólans árið 2020 vegna breyttra aðstæðna í samkomubanni er um 10,7 milljónir þar sem heimavist og mótuneyti lokaði um miðjan mars og leigutekjur af sumarhótelum verða lægri en í venjulegu ári.

4. Starfsmannamál fyrir haust 2020

Skólameistari fór yfir starfsmannahald í skólanum. Arnar Sigbjörnsson, Valgerður Hreinsdóttir, Hlynur Ármannsson og Margaret Johnson voru í ársleyfi. Arnar hættir en hin þrjú koma aftur til starfa og þeir sem voru með tímabundnar ráðningar í þeirra stað láta af störfum. Sigrún Hrafnisdóttir hættir vegna aldurs við lok þessa skólaárs. Auglýst var starf áfangastjóra fyrir

nokkru og Bergþóra ráðin. Fljótlega verður auglýst 50% starf vegna tæknismiðju. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þessar breytingar sem eru óvenjulitlar.

5. Rammar um verðlaunaveitingar vegna útskrifta í ME


Skólameistari kynnti þann ramma sem skólinn notar fyrir viðurkenningar en sumum þeirra fylgja ákveðin viðmið frá gefendum. Umræður sköpuðust um breytingar og samræmi milli ára og samþykkt að taka þetta til frekari skoðunar með haustinu.

6. Önnur mál.


- Skólameistari hljóp yfir könnun í Skólapúlsinum sem lögð var fyrir nemendur en slík könnun var síðasta gerð 2013. Niðurstöður eru að mestu leyti jákvæðar og þróun til hins betra.
- Skólameistari sýndi teikningar af hugsanlegri tengibyggingu milli heimavistarhúss og kennsluhúss sem hafa verið í umræðunni lengi. Hann sendi ráðuneytinu þessar teikningar nýverið til skoðunar.
- Halldór kynnti hugmynd um þrístökksmót í haust á Ormsteiti í minningu Vilhjálms Einarssonar sem gaman væri að núverandi eða fyrrverandi nemendur í ME tækju þátt í.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10


Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Lára Vilbergsdóttir



Stefán Bogi Sveinsson

